

Nr. 092 / 12 Mávur SI 96**Strandar á Norðurfirði**

Skipaskr.nr. 2795
Smíðaður: Siglufirði 2010, plast
Stærð: 14,8 BT
Mesta lengd: 12,13 m Skráð lengd: 11,27 m
Breidd: 3,75 m Dýpt: 1,59 m
Vél: Cummins 359 kW 2010
Fjöldi skipverja: 3

Gögn:
Gögn RNS



Mávur©sigloseifur.com

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 22. mars 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.


Atvikalýsing:

Þann 15. ágúst 2012 var Mávur SI 96 að koma til Norðurfjarðar á Ströndum. Veður: Hægviðri.

Báturinn var á leiðinni til hafnar kl. 01:00 til þess að taka olíu þegar hann strandaði á grynningum rétt austur af vestari hafnargarðinum. Bátsverjum tókst að losa bátinn en einhverjar skemmdir urðu á kili.

Við rannsókn kom fram:

- að miðfirðis er Norðurfjörður djúpur og hreinn og á norðurströndinni er höfnin afmörkuð með grjótgörðum en þar upp af stendur verslunarstaðurinn. Flesjar ganga nokkuð reglulega mis langt út frá fjörunni. Niður af verslunarbyggðinni er bryggja sem m.a. þjónar sem „olíubryggja“. Austan bryggjunnar gengur ein af þessum flösum út í hafnarsvæðið og sigldi Mávur SI upp á grynninguna áður en hann komst að bryggjunni;
- að rautt ljós er á vestari grjótgörðinum en á þeim austari en grænt ljósker sem hefur verið ljóslaust í nær tvö ár. Engin siglingamerki eru að olíubryggjunni þó er ekki sama hvernig komið er að henni eða siglt er inn í smábátahöfnina innan við vesturgarðinn;
- að skipstjóri sagðist ekki hafa komið þarna áður hvorki af sjó eða á landi og ekki getað aflað sér upplýsingar um höfnina.

**Nefndarálit:**

Orsök strandsins var óvarleg sigling.